



HÉRAÐS- OG AUSTURLANDSSKÓGAR

ÁRSSKÝRSLA 2009

Ágæti lesandi

Í ársskýrslunni sem hér lítur dagsins ljós er leitast við að gera helstu þáttum í starfsemi Héraðs- og Austurlandsskóga sem best skil. Starfsemin var hefðbundin, en alltaf eru þó einhver ný verkefni í gangi sem sagt verður ýtarlegar frá á síðunum hér á eftir. Stjórn Héraðs- og Austurlandsskóga er óbreytt frá fyrra ári en hana skipa Þorvaldur Jóhannsson formaður, Þór Þorfinnsson frá Skógrækt ríkisins og Jóhann Gísli Jóhannsson frá Félagi skógarbænda á Austurlandi. Haldnir voru 4 fundir stjórnar á árinu.

Ekki urðu breytingar á starfsmannahaldi á árinu. Niðurskurður á fjármagni til verkefnisins varð til þess að ekki var ráðinn sumarstarfsmaður og ákveðið að loka skrifstofum í tvær vikur vegna sumarleyfa. Starfsfólk verkefnisins eru eftirtalin: Benjamín Örn Davíðsson, Freyja Gunnarsdóttir, Hlynur Gauti Sigurðsson, Ólöf I. Sigurbjartsdóttir, Sherry Curl og Sigbjörn Óli Sævarsson. Þá má geta þess að Benjamín hefur sagt upp störfum og verklok hans fyrirhuguð í mars 2010.

Eins og kunnugt er varð umtalsverður niðurskurður á fjármagni til landshlutaverkefnanna í skógrækt. Fjárveiting Héraðs- og Austurlandsskóga árið 2008 var 156 milljónir á verðlagi þess árs en árið 2009 var fjárveitingin einungis 135 milljónir. Um mitt ár ákváðu stjórnvöld þó að veita 35 milljónum til viðbótar til verkefnanna þar sem nokkur þeirra stóðu frammi fyrir því að hafa ekki fjármagn til þess að gróðursetja þær plöntur sem löngu fyrr var búið að semja um kaup á. Hlutur Héraðs- og Austurlandsskóga í þessari aukafjárveitingu var rúmar 8 milljónir og lagaði það fjárhagsstöðuna umtalsvert.

Plöntuútbod var síðast unnið fyrir Héraðs- og Austurlandsskóga í ársbyrjun 2008. Niðurstöður þess útboðs voru samningar um kaup á 900 þúsund plöntum árlega til og með ársins 2011. Auk útboðsplantna voru í gildi samningar um meira magn af plöntum og þeir samningar endurnýjaðir árlega. Nú er svo komið að búið er að segja upp öllum umfram samningum um plöntukaup. Þá hefur dregið verulega úr öllum öðrum framkvæmdum.

Því miður er það alltaf svo á niðurskurðartímum að einhverjum finnst á sig hallað og eðlilega verður óánægja þegar óskum um framkvæmdir er hafnað. Starfsfólk HASK hefur lagt sig eftir að fjármagn dreifist sem jafnast um starfssvæðið og sem jafnast á jarðir og verður það vinnulag viðhaft áfram.

Af öðru starfi Héraðs- og Austurlandsskóga má nefna að einn fræðslufundur var haldinn á árinu. Var hann haldinn í Barra og fjallaði um vind og áhrifamátt t.d. trjáplantna á hegðun hans. Þá kom HASK að Skógardeginum mikla í Hallormsstað eins og fyrri ár, en skógardagurinn er orðinn ein af stærri hátíðum í fjórðungnum ár hvert. HASK er þátttakandi í einu samnorrenu verkefni, PelleTime, en það er styrkt af norðurslóðaáætlun Evrópusambandsins. Í tengslum við það var haldin vel heppnuð ráðstefna um vistvæna orku á Hallormsstað í sumar. Þess má geta að fyrsta viðarkyndistöð landsins, stöð Skógarorku á Hallormsstað sem tekin var í notkun í haust, er afrakstur sambærilegs verkefnis sem HASK var þátttakandi í.




HÉRAÐS- OG AUSTURLANDSSKÓGAR

Miðvangi 2-4 • 700 Egilsstaðir
sími: 471 2184 • fax: 470 2001
skogar@heradsskogar.is
www.heradsskogar.is



Skógræktarframkvæmdir

Niðurskurður á fjárlögum til verkefnisins skilaði sér af fullum þunga í niðurskurði á framkvæmdum bænda. Gróðursetning var þó með svipuðu sniði og undanfarin ár en aðrar framkvæmdir voru takmarkaðar að einu eða öðru leiti og oft miðað við að klára þau verk sem hafði verið byrjað á árinu áður.



Gróðursetning

Árið 2009 voru gróðursettar 1.389.740 plöntur sem er tæplega hundrað þúsund plöntum minna en metárið 2008. Vörgróðursetning gekk vel, tíðarfar var skógarplöntum hagstætt, þó var sum staðar orðið óþarflega þurr þegar leið á vorið, flestum þótti hins vegar nóg um úrkomuna síðsumars. Haustgróðursetning var lítil en því meira gróðursett að vorinu. Hlutfall tegunda var svipað og undanfarin ár, en á næstu árum er útlit fyrir að hlutfall birkis og furu aukist á kostnað grenis.




Áburðargjöf

Borið var á 1.396.941 plöntur. Jafnan er borið á nýgróðursetningar að vori og haustgróðursetningar árið eftir. Ekki var greitt fyrir áburðargjöf á eldri gróðursetningar.

Skjólbelti

Plantað var u.þ.b. 26 þúsund plöntum í skjólbelti á 7 jörðum, þó var einungis plastlagt á tveim jörðum um 3,5 km.



Jarðvinnsla

Jarðvinnsla var með hefðbundnu sniði en þó heldur minni en undanfarin ár, stærstur hluti gróðursetninga fer í jarðunnið land. Jarðunnið var á 24 jörðum samtals 214 ha. Um 5 ha voru plægðir og 209 herfaðir.

Girðingar og slóðagerð

Girðingaviðhald var með hefðbundnu sniði. Auk hefðbundins viðhalds var lokið við nýgirðingar á 6 jörðum sem svarar til um 10 km af girðingu. Slóðagerð var takmörkuð framan af árinu, þó var ráðist í nokkra slóða um haustið og eitthvað var unnið að slóðagerð á samtals 15 jörðum. Bæði er verið að lagfæra eldri slóða og leggja nýja.

Grisjun og viðarvinnsla

Grisjunarvinna var hverfandi á árinu. Lítillega var unnið að grisjun á 3 jörðum. Kjarrasagaðir voru um 9 ha og í hefðbundinni grisjun voru felldir um 25 rúmmetrar af bolviði. Nokkur tími var lagður í vinnu við nýtt ákvæðiskerfi við grisjun. Eins og fyrri ár seldu nokkrir bændur jólatré á jólamarkaði Barra.

Framtíðarsýn skógarbóndans

Ljóð: Hákon Aðalsteinsson

Skínandi fagrir skógar
skreytandi hlið og fjöll.
Blágresis brekkur nógar,
berjalönd þakin öll.
Sæla í sveitum er.
Bændurnir boli saga,
börnin í svangan maga
tína hin bláu ber.

Fallega sýn við sjáum
sitjandi englum hjá,
Hátt upp á himni bláum,
horfandi skóginn á.
Sálin er sæl og hrein,
huga minn fyllir friður,
flýg ég til jarðar niður,
sest þar á græna grein.

Þýtur í bjarkarblöðum,
blærinn um sumardag.
Hljómar í hjörtum glöðum
heillandi sálmalag.
Framtíðarsýn ég sé.
Læt ég um landið óma
lúðursins fögru hljóma,
engill í eigin tré.



Lifun grenis tekin út 28. apríl 2009

Greni og áburður

Í vor virtist sem mikið af sitkagreni, þá aðallega árs gamlar frostplöntur, hefðu komið mjög illa undan vetri víðs vegar á Austurlandi. Skógarbændur, sem og starfsmenn Héraðs- og Austurlandsskóga, höfðu áhyggjur af þessu og töldu að líklega væri best í stöðunni að gefa annan áburðarskammt frekar en að gera ekkert. Sökum niðurskurðar var ekki unnt að borga fyrir áburð og því sem kallað er "önnur áburðargjöf" og var því farin sú málamiðlunarleið að Héraðs- og Austurlandsskógar buðust til að greiða fyrir áburðinn ef bændur vildu vinna við áburðargjöfina á eigin kostnað. Til að vita hvort það var rétt ákvörðun, að bera á grenið öðru sinni, var lögð út tilraun á þremur bæjum á Héraði: Ási í Fellum, Sleðbrjót í Jökulsárhlíð og Stóra-Sandfelli í Skriðdal. Lagðir voru út 8 handahófsvaldir mælifletir á hverri jörð og var ýmist gefinn hálfur skammtur (6 mg), heill skammtur (12,5 mg) á yfirborð eða ekkert. Væntanlega munu einhverjar niðurstöður liggja fyrir næsta sumar.

Viðhorfskönnun hjá skógarbændum

Á haustdögum var ákveðið að gera könnun á viðhorfum skógarbænda til ýmissa þátta er lúta að starfsemi Héraðs- og Austurlandsskóga (HASK) og almennt um viðhorf þeirra til landshlutaverkefna í skógrækt.

Sendur var út spurningalisti með 25 spurningum til allra sem samningsbundnir eru um skógrækt á svæði HASK, þó þannig að einungis einum aðila sem stóð að hverjum samning var ætlað að svara könnuninni. Alls fór út 151 spurningalisti og svör bárust frá 78 aðilum eða tæplega 52% svörun.

Helstu niðurstöður könnunarinnar eru eftirfarandi: Mikill meirihluti skógarbænda er með mjög jákvætt viðhorf til landshlutaverkefna í skógrækt og telur að Héraðs- og Austurlandsskógar skipti miklu máli í byggða og atvinnuþróun í landsfjórðungnum. Mikill meirihluti telur að núverandi stuðningur ríkisins (97%) sé mjög eða frekar sanngjarn. Í þessari spurningu vakti það athygli að 100% kvennanna sem svöruðu töldu stuðninginn mjög eða frekar sanngjarnan en svör karlanna dreifðust meira. Þá töldu allir sem svöruðu spurningunni og bjuggu á úthéraði stuðninginn mjög eða frekar sanngjarnan, 91,9% af þeim sem búa á innhéraði en 85,7% fjarðabúa.



Feðgarnir Elís Pétursson og Pétur Elísson í útplöntun 10. júní 2009

Mikill meirihluti eða tæp 64% svarenda eru mjög eða frekar neikvæðir þegar spurt var um mögulega sameiningu HASK við aðrar stofnanir eða verkefni ríkisins. Tæp 50% telja mjög eða frekar óæskilegt að breyta fyrirkomulagi framlagakerfis þannig að greitt verði fyrir hvern ha í skógrækt fremur en eftir töxtum og rúm 41% eru óviss.

Þegar spurt var um hvort þátttakendur teldi því fjármagni sem HASK hefði yfir að ráða væri dreift út með sanngjörnum eða ósanngjörnum hætti kom í ljós að 37% taka ekki afstöðu til þess en tæp 40% telja að fjármagni sé dreift út með frekar eða mjög sanngjörnum hætti. Einungis tæp 14% telja skiptinguna mjög eða frekar ósanngjarna. Meirihluti eða 58% telja að taxtar sem landshlutaverkefni greiða eftir ættu að vera samræmdir, rúm 30% hafa ekki myndað sér skoðun.

Þegar spurt var um ánægju með stjórnun og þjónustu starfsmanna HASK, kom í ljós að mikill meirihluti 85,5% er mjög eða frekar ánægður með þjónustu starfsmanna en einungis tæp 38% eru mjög eða frekar ánægð með stjórnunina. Tæp 43% eru hlutlaus í afstöðu til stjórnunar. Þá telja 21% þátttakenda starfsmannafjölda HASK hæfilegan en 65% hafa ekki skoðun á því.

Rúm 53% þátttakenda segjast leita mjög eða frekar mikið til starfsmanna HASK um leiðbeiningar við skógræktina og ekki var hægt að sjá mun eftir búsetu aðila með það. Spurt var um búsetu þátttakenda til þess að unnt væri að greina hvort munur væri á svörum eftir svæðum en svæðinu var skipt mjög gróft í þrennt; innhérað, úthérað og firði. 63% svarenda voru með fasta búsetu á skógarjörð sinni

Þá forvitnuðumst við um hvort þátttakendur væru aðilar að Félagi skógarbænda á Austurlandi og báðum þá sem svöruðu neitandi að tilgreina ástæðu fyrir því að vera það ekki. 74% þeirra sem svöruðu spurningunni eru félagar. Mjög misjafnar ástæður voru tilgreindar hjá hinum, ástæður eins og „bara“, „veit ekki“, „bý í Reykjavík“, „framfarsleysi“, „takmarkaður áhugi“ og svo mætti áfram telja.

Könnunina má nálgast í heild sinni á heimasíðu Héraðs- og Austurlandsskóga www.heradsskogar.is

Áburðartilraun

FLEX – Blákorn – Gróska – Sprettur – SilvaPak

Snemmsumars lögðu starfsmenn Héraðs- og Austurlandsskóga út margþætta áburðartilraun á tveimur stöðum á Austurlandi. Undirbúningur tilraunarinnar hafði staðið yfir frá því um vorið og var unnin í samvinnu við Norðurlandsskóga og lögðu þeir út áþekka tilraun. Vonast er eftir að fá lokaniðurstöður haustið 2011.

Tilgangurinn er að reyna að finna a) heppilegustu áburðartegundina og b) skammtastærð fyrir fjórar mismunandi trjátegundir (birki, sitkagreni, lindifuru og Rússalerki) og landsvæði. Fimm mismunandi áburðargerðir voru prófaðar; Blákorn (hefðbundin), Gróska 2 (hefðbundin), Sprettur (hefðbundin), SilvaPak (tepoki) og Flex (vökvaupplausn). Þrjár mismunandi aðferðir við áburðargjöf voru prófaðar; á yfirborð, í holu og sprautað í hnaus. Tilraunin var sett út í fjórum hlutum (blokkum) á tveimur jörðum; Óseyri í Stöðvarfirði og Droplaugarstöðum í Fljótsdal.



áburðartilraun sett út

Jólalerki

Vitað var með nokkurri vissu að kreppan hafði áhrif á jólatrjáavertíðina þetta árið. Fyrirséð var að minna framboð yrði á innfluttum normannspín, verð myndi hækka auk þess sem að hinn venjulegi Íslendingur hafði minna á milli handanna. Við þessu varð að bregðast og tók einn starfsmaður Héraðs- og Austurlandsskóga til sinna ráða. Í ljósi þess að mikillar þörf er á grisjun í ungskógi á Héraði og að sama skapi hve mikið framboð er af einni ákveðinni tegund sá starfsmaðurinn sér leik á borði; Jólalerki. Hvað er það sem gerir gott jólatré að góðu jólatré?

Jú, er það ekki að það sé sæmilegt í laginu, haldi barrinu yfir jólahátíðina og gefi af sér ómótstæðilega angan. Lerki gefur góða lykt, lerki getur verið með alls konar vaxtarlagi en það er ekki beint sígrænt og því hálf nakið á jólunum.

Í lok október var sett upp „lífgunartilraun“. Tilraunin byggði á áburði, ljósgerð, ljósmagni, hita, raka og vökvun.

Engar afgerandi niðurstöður fengust úr þessari tilraun. Þó má nefna nokkrar vísbendingar:

- Vatnsupptaka trjáanna var ekki næg.
- Fyrstu tvær vikurnar þarf ekki að vera ljós, bara hiti.
- Natríumljósgefi hentar betur en glóðaperur.
- Það tekur um 10 daga að koma lerki af stað innandyra.

Á fréttavef Ríkisútvarpsins má sjá nánari upplýsingar um tilraunina. Fréttin nefnist „Íslenskt lerki sem jólatré“ og er skrifuð af Jóhönnu Sveinsdóttur.

<http://www.ruv.is/frettaskyringar/atvinnulif/islenskt-lerki-sem-jolatre>



Rokrassgat í Barra

Þann 1. október 2009 fór fram kynning á eðli vinda sem haldin var í gróðrarstöð Barra.

Kynningin var öllum opin og mæting eftir væntingum.

Meginhugmyndin var að sýna í bókstaflegri merkingu hvernig vindur hegðar sér og fá tilfinningu fyrir háttalagi hans um leið. Þessi kynning átti upp á pallborðið hjá öllum sem velt hafa fyrir sér skjólbeltum, vindstrengjum eða svo til nánast hver konar vindverkjum.

Aðferðin byggir að öllu leyti á þurrís. Þurrís er koltvísýringur (CO2) sem er kældur við sérstakar aðstæður svo úr verða kristallar sem líkjast vatnslökum en bráðna töluvert hraðar. Þegar heitu vatni er hella á þurrísinn myndast þykk gufa sem er eðlisþyngri en andrúmsloftið og gufar þar af leiðandi ekki upp heldur myndar eins konar dalalæðu. Með því að beina þessari tilbúnu „dalalæðu“ niður lítinn halla má líkja eftir vindi. Módel eru búin til og sett í hallann og má þá sjá hvernig vindurinn hagar sér við hinar ýmsu aðstæður. Módelin voru með öllum sniðum og voru legókubbar, tannstönglar, lyng, fjalldrapi og hvað sem hendi var næst notað til módelgerðarinnar.

Gestir undu sér vel við að prófa hinar ýmsu útfærslur á skjólbeltum, húsum, hólum og líktu nánast eftir svo til öllu því sem fyrirfinnst í landslaginu. Við hjá Héraðs- og Austurlandsskógum og Barra viljum þakka öllum sem mættu kærlega fyrir þátttökuna og vonum að þeir hafi haft gagn og gaman af.



Fundargerð 105. stjórnarfundar Héraðs- og Austurlandsskóga

Haldinn á Hótel Héraði, kl. 10:00 þann 4. febrúar 2009

Dagskrá:

1. Fundur settur og fundargerð 104 lögð fram til umræðu og samþykktar.
2. Fjárhagsáætlun 2009
3. Umsóknir: Tvær umsóknir hafa borist um þátttöku í verkefninu.
4. Grænsíða
5. Lokun ársreiknings 2007
6. Önnur mál

Fundinn sátu: Þór Þorfinnsson (ÞÞ), Jóhann G. Jóhannsson (JGJ) og Ólöf I. Sigurbjartsdóttir (ÓIS). Fundarritari: Freyja Gunnarsdóttir.

1. Fundur settur og fundargerð 104 lögð fram til umræðu og samþykktar.

Formaður boðaði veikindaforföll rétt fyrir fund. Framkvæmdastjóri stýrði fundi í fjarveru hans. Viðstaddir stjórnarmenn undirrituðu fyrirleggjandi fundargerð.

2. Fjárhagsáætlun 2009

ÓIS lagði fram fjárhagsáætlun sem markast af þeim niðurskurði sem verkefnið varð fyrir í kjölfar efnahagskreppunnar í þjóðfélaginu.

Framkvæmdastjóri fór yfir fjárhagsáætlunina lið fyrir lið og svaraði spurningum.

JGJ ræddi mögulegar leiðir til sparnaðar s.s. skert starfshlutfall starfsmanna og uppsagnir og endurráðningar á lægri launum. Vildi að skoðað yrði hvað sparaðist við slíkar aðgerðir.

3. Umsóknir: Tvær umsóknir hafa borist um þátttöku í verkefninu

ÓIS lagði fram tvær umsóknir sem hafa borist verkefninu. Um er að ræða jarðirnar Fannardal í Norðfirði og viðbótarsamning á jörðina Geitagerði í Fljótsdal.

ÓIS lagði til að umsóknirnar yrðu samþykktar en í ljósi niðurskurðar verði einungis unnið við áætlanagerð og kortlagningu þetta árið þar sem ekkert svigrúm er til girðingaframkvæmda. Vonir standa til að unnt verði að friða svæðin strax á næsta ári og hefja framkvæmdir í kjölfar þess. Stjórnarmenn samþykkir þessu.

4. Grænsíða

Samstarfsaðilar að Grænsíðu eru ekki tilbúin að greiða fyrir hýsingu grunnsins lengur og því er nánast sjálfhætt.

ÓIS telur að forsendur vanti innan verkefnanna til þess að unnt sé að taka óháða faglega afstöðu um framtíð grunnsins og hefur því haft samband við sérfræðinga í hugbúnaðargerð, Sprett ehf, um að skoða þær leiðir sem hugsanlegt er að fara varðandi rekstur Grænsíðu eða hvort eðlilegt sé að hætta við hann á þessum tímapunkti. Áætlaður kostnaður við það mat er á bilinu 350-400 þúsund.

Stjórn samþykkti að farið yrði í þetta mat á leiðum.

5. Lokun ársreiknings 2007

ÓIS lagði fram endurskoðaðan reikning ársins 2007. Engin athugasemd kom fram við endurskoðun Ríkisendurskoðunar. Viðstaddir stjórnarmenn undirrituðu ársreikninginn.

6. Önnur mál

a) JGJ henti fram til umræðu og umhugsunar hvort Skógardeginum mikla yrði haldið til streitu miðað við árferði. ÞÞ vildi að framkvæmdaaðilar kæmu saman og ræddu framkvæmdina, hann vill halda deginum en draga úr kostnaði. ÓIS tók undir með ÞÞ.

Fundi slitið kl. 12:20

Fundargerð 106. stjórnarfundar Héraðs- og Austurlandsskóga

Haldinn á Hótel Héraði, kl. 10:00 þann 25. mars 2009

Dagskrá:

1. Fundur settur og fundargerð 105 lögð fram til umræðu og samþykktar.
2. Hýsing og framtíð Grænsíðu, skýrsla Guðlaugs Egilssonar
3. Kostnaðarhlutdeild HASK í framkvæmdum
4. Girðingarreglur – grisjunarreglur - taxtar
5. Umsóknir, ein umsókn hefur borist um þátttöku í verkefninu
6. Beiðni um girðingarvinnu
7. Önnur mál

Fundinn sátu: Þorvaldur Jóhannsson (ÞJ), Þór Þorfinnsson (ÞÞ), Jóhann G. Jóhannsson (JGJ) og Ólöf I. Sigurbjartsdóttir (ÓIS). Fundarritari: Freyja Gunnarsdóttir.

1. Fundur settur og fundargerð 105 lögð fram til umræðu og samþykktar.

Þorvaldur setti fund og bauð menn velkomna. Fundargerð síðasta fundar var lögð fram, hún yfirfarin og undirrituð athugasemdalaust.

2. Hýsing og framtíð Grænsíðu, skýrsla Guðlaugs Egilssonar

ÓIS kynnti skýrslu Guðlaugs Egilssonar sem lá fyrir fundinum en á síðasta fundi var samþykkt að ráða hann til að meta leiðir varðandi rekstur Grænsíðu. Skýrsluna má finna í fundargögnum.

Í skýrslunni eru skoðaðar þrjár leiðir, kostir og gallar en Guðlaugur leggur til að HASK fari svokallaða Bændasamtakaleið.

Leiðirnar ræddar og stjórn samþykkti að Grænsíðu verði haldið í rekstri eingöngu fyrir HASK fyrst um sinn með lágmarkskostnaði m.a. vegna þröngrar fjárhagsstöðu. Framkvæmdastjóra falið að tilkynna öðrum landshlutverkefnum og skógarbændum HASK ákvörðun stjórnar. Ennfremur að koma á framfæri þeim vilja stjórnar að síðar þegar betur árar fjárhagslega geti Grænsíða átt þann kost að koma inn í NPK kerfi Bændasamtakanna.

3. Kostnaðarhlutdeild HASK í framkvæmdum

ÓIS velti upp kostnaðarhlutdeild HASK í framkvæmdum en almennt eru framkvæmdir styrktar um 97% en einstakir liðir um 100%. ÓIS las upp texta úr lögum um landshlutaverkefni þar sem fram kemur að landshlutaverkefni greiða allt að 97% af samþykktum kostnaði við skógrækt.

Stjórn telur ljóst að samkvæmt lögnum hafi HASK eingöngu heimild til að styrkja framkvæmdir um allt að 97%.

4. Girðingarreglur – grisjunarreglur - taxtar

ÓIS sagði frá því að verið sé að vinna í töxtum sem og að fara yfir reglur um girðingar og grisjun.

Miklar umræður um grisjunarmál en nú er staðan orðin sú að markaður fyrir við er orðin þó nokkur en bolmagn verkefnisins til að leggja fé í grisjun lítið vegna niðurskurðar.

Velt upp hvort bóndi geti grisjað á eigin kostnað ef hann sér hag í því en þó með faglegru aðkomu frá HASK. Framkvæmdastjóri sagðist ekki sjá neitt því til fyrirstöðu.

5. Umsóknir: Ein umsókn hefur borist um þátttöku í verkefninu

Ein umsókn hefur borist um þátttöku í verkefninu en hún kemur frá Hærुकollsnesi í Djúpavogshreppi.

Stjórn samþykkir umsóknina með þeim fyrirvara að einungis yrði unnið við áætlanagerð og kortlagningu þetta árið þar sem ekkert svigrúm er til girðingaframkvæmda.

6. Beiðni um girðingarvinnu

Lögð var fram skriflegt erindi frá Skógræktarfélagi Austurlands um girðingavinnu á Austur-Völlum í þeim tilgangi að friða land.

Erindið var kynnt fyrir stjórnina en erindinu var hafnað vegna fjárhagsstöðu verkefnisins.

7. Önnur mál

- ÓIS kynnti að samþykkt var hjá ríkisstjórninni að bæta við 30 milljónum til landshlutaverkefna. Komu verkefni sár saman um að leggja til að skiptingin á fjármunum yrði í samræmi við stærðarhlutfall verkefna. Enn eru þessir fjármunir ekki í hendi en verið að vinna að þessu í landbúnaðarráðuneytinu.
- ÓIS sýndi drög að sameiginlegum bæklingi verkefna sem er verið að leggja lokahönd á. Bæklingurinn er hugsaður sem kynningarbæklingur.
- ÓIS kynnti einnig nýútkomin bækling á vegum HASK sem kynnir NPP-PELLETime verkefni á Íslandi.

Fundi slitið kl. 12:00

Fundargerð 107. stjórnarfundar Héraðs- og Austurlandsskóga

Haldinn að Miðvangi 2-4, kl. 10:00 þann 13. ágúst 2009.

Dagskrá:

- Fundur settur og fundargerð 106 lögð fram til umræðu og samþykktar.
- Fyrirhuguð heimsókn framkvæmdarnefndar um stefnumótun fyrir LHV. Áður útsendir umræðupunktur fylgja með fundarboði í viðhengi.
- Starfsmannamál, -Vangaveltur um starfsmannafjölda og fyrirkomulag vinnu.
- Umsóknir, -Ein beiðni hefur borist um hreinsun á grisjunarvið.
- Fjárhagsyfirlit, -Fjárhagsstaða verkefnisins fyrir haustframkvæmdir.
- Önnur mál.

Fundinn sátu: Þorvaldur Jóhannsson (ÞJ), Þór Þorfinnsson (ÞÞ), Jóhann G. Jóhannsson (JGJ) og Ólöf I. Sigurbjartsdóttir (ÓIS) sem ritaði fundargerð.

1. Fundur settur og fundargerð 106 lögð fram til umræðu og samþykktar.

Þorvaldur setti fund og bauð menn velkomna. Fundargerð síðasta fundar var lögð fram, hún yfirfarin og undirrituð athugasemdalaust.

2. Fyrirhuguð heimsókn framkvæmdarnefndar um stefnumótun fyrir LHV.

Ljóst er að heimsókn nefndarinnar sem fyrirhuguð var í ágúst næst ekki. Nefndin hefur sent út umræðupunkta og kallað eftir að hvert landshlutaverkefni leggi áherslu á þau atriði sem brýnust teljast fyrir landshlutann. Umræður um hvaða punkta á að leggja áherslu á. Skiptar skoðanir og góðar umræður í gangi. Þurfum þó helst að stilla saman strengi með skógarbændum um áherslupunktana. ÓIS kom með tillögu að þeim áhersluatriðum sem við myndum leggja fram, a) að áhersla verði lögð á að verkefnunum verði stjórnað heima fyrir, b) að leggja aukna áherslu á samræmt árangursmat verkefna og c) að lögð verði rík áhersla á þátt LHV í byggðapróun og atvinnulífi. Stjórnarmenn voru sammála um þetta væru atriði sem áherslu þyrfti að leggja á og vildu að reynt yrði að fá nefndina í heimsókn fyrirhluta september.

3. Starfsmannamál, -Vangaveltur um starfsmannafjölda og fyrirkomulag vinnu

ÓIS velti upp spurningum um starfsmannahald og möguleikann á að bæta við mannskap

þar sem verkefni eru ærin. Ýmsir möguleikar ræddir í þessu sambandi og framkvæmdastjóra falið að meta kostnaðarlega mismunandi leiðir sem hægt væri að fara, þ.e. ráðning starfsmanns vs. verktakavinnu.

4. Umsóknir, -Ein beiðni hefur borist um hreinsun á grisjunarvið.

Beiðni hefur borist frá Miðhúsum um að kostuð verði hreinsun úr skógi á grisjunarviði á grundvelli eldhættu. Nokkur ár eru síðan grisjað var í Miðhúsum og viðurinn látinn liggja eins og tíðkast hefur við grisjunarframkvæmdir þar sem ekki hefur verið um nýtanlega afurð að ræða. ÓIS sagði erfitt að meta þörfina, hefur ekki yfirlit yfir hversu víða sambærilegar aðstæður eru. ÞÞ lagði til að sérfræðingur yrði fenginn til þess að meta þörfina og hvort um raunverulega eldhættu væri að ræða. Framkvæmdastjóra falið að láta vinna greinargerð um málið og afgreiðslu frestað þar til niðurstaða sérfræðings liggur fyrir.

5. Fjárhagsyfirlit, -Fjárhagsstaða verkefnisins fyrir haustframkvæmdir

Fjárhagsleg staða verkefnisins að loknum vorframkvæmdum er allgóð og betri en væntingar stóðu til. Stafar það fyrst og fremst af töluverðum afföllum á plöntum í gróðrarstöðvum. Vegna þessa skapast aukið svigrúm til framkvæmda á haustmánuðum s.s. í slóðagerð og grisjun sem ekki var útlit fyrir að hægt væri að ráðast í. JGJ leggur áherslu á að hugað verði að dreifingu framkvæmda á jarðir, ekki öllu eytt á einni jörð.

6. Önnur mál.

ÓIS greindi frá að mastersritgerð Sverris A. Jónssonar hefði borist í hús en hún er endapunktur Mógilsárverkefnis um gróðurfarssögu á Héraði og HASK hefur stutt fjárhagslega. ÓIS afhenti stjórnarmönnum öðrum en formanni ársreikning HASK en ríkisendurskoðun hafði lokið við og samþykkt reikninginn. Formaður hafði áður fengið reikninginn sendan. Stjórn samþykkti tillögu framkvæmdastjóra að bjóða ráðherra landbúnaðarmála í heimsókn á haustdögum ásamt völdu ráðuneytisfólki. Heimsóknin er hugsuð til þess að auka skilning innan ráðuneytisins á stöðu greinarinnar í atvinnulífi á svæðinu.

Fundi slitið kl. 12:00

Fundargerð 108. stjórnarfundar Héraðs- og Austurlandsskóga

Haldinn á Hótel Héraði, kl. 10:00 þann 12. nóvember 2009.

Dagskrá:

- Fundur settur og fundargerð 107 lögð fram til umræðu og samþykktar.
- Umsóknir: þrjár umsóknir um þátttöku (stækkun svæða) í verkefninu liggja fyrir.
- Greinargerð vegna erinds frá Miðhúsum sem fjallað var um á síðasta fundi, (beiðni um hreinsun á grisjunarvið).
- Jólatrjáasala skógarbænda, stefnumótun.
- Girðingareglur HASK.
- Önnur mál.

Fundinn sátu: Þorvaldur Jóhannsson (ÞJ), Þór Þorfinnsson (ÞÞ), Jóhann G. Jóhannsson (JGJ) og Ólöf I. Sigurbjartsdóttir (ÓIS) sem ritaði fundargerð.

1. Fundur settur og fundargerð 107 lögð fram til umræðu og samþykktar.

Þorvaldur setti fund og bauð menn velkomna. Fundargerð síðasta fundar var lögð fram, hún yfirfarin og undirrituð athugasemdalaust.

2. Umsóknir; þrjár umsóknir um viðbótarsamninga á tveimur jörðum liggja fyrir.

Fyrir liggur umsókn um 100 ha viðbótarsamning á jörðinni Brekkuborg í Breiðdal. Eldra svæði jarðarinnar sem unnið hefur verið á undanfarin ár er svo til fullplantað og áhugi bænda stendur til frekari skógræktar. Svæðið er þegar friðað og var umsóknin samþykkt. Þá liggja fyrir tvær 199 ha umsóknir um viðbótarsvæði á jörðinni Brekkuseli á Fljótsdalshéraði. Á jörðinni er unnið eftir nýlegum samning og því ekki aðkallandi að bæta við svæði. Stjórnin samþykkti að heimila að gerður yrði einn viðbótarsamningur en vísuðu í fyrri samþykkt um að ekki yrði veitt fjármagni í nýgirðingar á yfirstandandi ári. Sú ákvörðun endurskoðast á næsta ári í samræmi við fjárhagsgetu verkefnisins.

3. Greinagerð vegna erindis frá Miðhúsum sem fjallað var um á síðasta fundi, (beiðni um hreinsun á grisjunarvið).

Farið var yfir greinagerð sem Sherry Curl og Hlynur Sigurðsson unnu. Niðurstaðan er sú að ekki verði aðhafst frekar í málinu þar sem í ljós kom við úttekt að landeigandi gerir ekki kröfur um frekari aðgerðir. Málið verði hinsvegar haft að víti til varnaðar til framtíðar því ljóst er að bæði var verklagi við grisjun ábótavant, svo og eftirliti skógarbónda með framkvæmdum. Eldhætta af grisjunarviði sem liggur eftir í skóginum var talin óveruleg.

4. Jólatrijásala skógarbænda, stefnumótun.

ÞP telur áriðandi að skógarbændur geti selt jólatré úr sínum skógum. Telur að það hafi lítil áhrif á skóginn, nema þá til góðs að nokkur jólatré séu tekin úr hverjum reit enda séu það sjaldnast þau tré sem eftirsóttast er að láta standa til viðarframleiðslu. Stjórnin öll sammála um ágæti þess að skógarbændur geti selt afurðir úr sínum skógi. Ennfremur um nauðsyn þess að vinna þarf reglur sem hægt er að vinna eftir þegar jólatré eru annarsvegar, bæði þarf að skoða styrkhlutfall þegar um sérstaka ræktun jólatrjáa er að ræða og einnig þarf skógarbónda að vera heimilt án efa að taka þessi tré úr skóginum en eldri samningar og lög eru með takmarkandi ákvæði.

Stjórn leggur til að starfsmenn HASK í samvinnu við Skógrækt ríkisins vinni að reglugerð um málið sem hægt verði að vinna eftir í framtíðinni.

5. Girðingareglur HASK

ÓIS lagði fram girðingarreglur sem unnar voru s.l. vetur og miða að því að samræma verklag á svæðinu eins og hægt er. Áður hafði sitt hvort kerfið gilt á svæði Austurlandsskóga og Héraðsskóga. Girðingareglur þessar eru nokkuð samhljóma þeim reglum sem unnið er eftir hjá öðrum landshlutaverkefnum og í samræmi við það verklag sem gildi í upphafi á Austurlandsskógasvæðinu. Stjórnin spurði margra spurninga og urðu góðar umræður. Formaður leggur til að reglurnar verði kynntar betur fyrir skógarbændum og í framhaldinu samþykktar og birtar.

6. Önnur mál.

ÓIS sagði frá stöðu starfsmannamála, Benjamín Örn Davíðsson hefur sagt upp störfum og fyrir liggur að finna verkefnisstjóra í hans stað.

ÞP ræddi verktakavinnu, en æskilegt væri að fyrir lægi mun fyrr á árinu hvaða verk þarf að vinna fyrir verkefnið. Verktakar eru mjög uppteknir á þessum árstíma og þurfa meira svigrúm til þess að skipuleggja vinnu sína.

Fundi slitið kl. 12:20

Helstu lykiltölur Héraðs- og Austurlandsskóga

Lykiltölur								
Ymsar lykiltölur	2006	2007	2008	2009				
1 Fjöldi samningsbundinna skógræktarjarða	140	148	151	153				
2 Flatarmál í hekturum	15.027	16.169	16.495	16.761				
3 Fjöldi jarða þar sem er gróðursett	73	66	63	67				
4 Fjöldi jarða með framkvæmdir	98	94	96	96				
5 Lengd ræktaðra skjólbelta í km	10	11,7	18,1	3,6				
6 Heildarfjöldi gróðursettra plantna	1.408.830	1.478.211	1.480.927	1.389.740				
7 Kostnaður per gróðursetta plöntu	96,3	117,1	118,2	109,2				
8 Grisjaðir/bilaðir hektarar	27,2	14,2	47,3	17,4				
9 Ársverk	5,4	5,7	4,9	4,7				
Lykiltölur úr ársreikningi								
	2006	2007	2008	2009				
10 Heildarfjárveiting + sértekjur	153.254.790	155.504.196	161.145.300	151.753.054				
11 Heildargjöld	135.604.995	173.137.694	174.991.190	151.690.541				
12 Laun og launatengd gjöld	28.900.226	21,3%	35.529.776	20,5%	31.263.229	17,9%	31.353.983	20,7%
13 Starfstengdur kostnaður	6.949.641	5,1%	5.211.402	3,0%	5.430.500	3,1%	3.991.722	2,6%
14 Aðkeypt þjónusta og húsn.kostn.	8.575.232	6,3%	12.230.944	7,1%	13.380.174	7,6%	10.087.803	6,7%
15 Framlög til skógarbænda	81.215.287	59,9%	102.897.560	59,4%	122.949.698	70,3%	104.555.687	68,9%
16 Annar rekstarkostnaður	6.613.075	4,9%	12.751.084	7,4%	1.907.205	1,1%	1.205.619	0,8%
17 Eignakaup	3.351.534	2,5%	4.516.928	2,6%	60.384	0,0%	495.727	0,3%
18 Ýmsar sértekjur	6.254.790	4,1%	4.304.196	2,8%	5.345.300	3,3%	16.553.054	10,9%
19 Hagnaður/Tap	17.649.795	11,5%	-17.633.498	-11,3%	-13.845.890	-7,9%	-1.766.276	-1,2%


Skýringar

1. Fjöldi jarða með þinglýsta skógræktarsamninga í lok hvers árs
2. Heildarflatarmál skógræktarsvæða með þinglýsta samninga í lok hvers árs
3. Fjöldi jarða þar sem er gróðursett ár hvert
4. Heildarfjöldi jarða með einhverjar framkvæmdir
5. Lengd nýrra skjólbelta ár hvert
6. Heildarfjöldi allra gróðursettra plantna í skógrækt og skjólbeltarækt ár hvert
7. Fjöldi gróðursettra plantna deilt í heildargjöld ár hvert
8. Grisjaðir og bilaðir (grisjun í ungskógi) hektarar
9. Ársverk starfsmanna Héraðs- og Austurlandsskóga, fastráðinna og sumarstarfsmanna
10. Heildarfjárveiting ásamt sértekjum Héraðs- og Austurlandsskóga
11. Heildargjöld
12. Heildarlaun starfsmanna og stjórnar Héraðs- og Austurlandsskóga
13. Aksturskostnaður, dagpeningar, ferðakostnaður, fundir, risna
14. Sími, tölvuþj., prentun, bókhald, bifv.-húsn.kostn.
15. Framlög til bænda, plöntur, áburður, ofl.
16. Ýmis annar kostnaður
17. Jarðvinnslutæki, gróðursetningaáhöld, tölvubúnaður ofl.
18. Ýmsar sértekjur og hlutfall þeirra af heildartekjum
19. Afgangur - tap

Jarðygluúttekt

Fram fór hefðbundin úttekt á jarðyglu á Héraði. Skemmst er frá því að segja að ekki fannst nokkurt kvikindi.

Meðaltalspéttleiki jarðyglulirfa á Héraði



Skógræktar- jörð	Péttleiki púpna sumarið 1997	Péttleiki unglirfa vorið 1998	Péttleiki unglirfa vorið 1999	Péttleiki unglirfa vorið 2000	Péttleiki unglirfa vorið 2001	Péttleiki unglirfa vorið 2002	Péttleiki unglirfa vorið 2003	Péttleiki unglirfa vorið 2004	Péttleiki unglirfa vorið 2005	Péttleiki unglirfa vorið 2006	Péttleiki unglirfa vorið 2007	Péttleiki unglirfa vorið 2008	Péttleiki unglirfa vorið 2009
Eyvindará	25	20	0	2	0	8	0	6	0	0	0	0	0
Hóll/ Valþjófsstaður II		2	2	0		22	54	8	8	8	2	3	0
Klúka	55	12	0	2	4	22	6	0	2	4	2	0	0
Skeggjastaðir II	15	4	0	4	12	20	2	0	0	0	0	1	0
Vað			12	0	6	6	2	6	0	2	0	0	0
Viðilækur		0	4	2	2	16	8	0	2	0	0	0	0
Þorg- erðarstaðir	32	2	0	0		6	48	36	10	2	0	0	0
Meðaltal:	31,8	6,7	2,6	1,4	4,8	14,3	17,1	8,0	3,1	2,3	0,6	0,6	0,0
	Sumarið 1997	Vorið 1998	Vorið 1999	Vorið 2000	Vorið 2001	Vorið 2002	Vorið 2003	Vorið 2004	Vorið 2005	Vorið 2006	Vorið 2007	Vorið 2008	Vorið 2009
	31,8	6,7	2,6	1,4	4,8	14,3	17,1	8,0	3,1	2,3	0,6	0,6	0,0

Rekstrarreikningur

	Reikningur 2009	Reikningur 2008	Fjárheimildir 2009
Tekjur			
Sértekjur	16.473.225	5.555.919	0
Markaðar tekjur	0	0	0
Aðrar rekstrartekjur	0	0	0
Tekjur samtals	16.473.225	5.555.919	0
Gjöld			
Almennur rekstur	150.071.960	175.201.809	135.200.000
101 Héraðs- og Austurlandsskógar	150.071.960	175.201.809	135.200.000
Gjöld samtals	150.071.960	175.201.809	135.200.000
Tekjur umfram gjöld	-133.598.735	-169.645.890	-135.200.000
Framlag úr ríkissjóði	135.200.000	155.800.000	135.200.000
Hagnaður/tap ársins	1.601.265	-13.845.890	0



Í Viðivallaskógi 6. okt. 2009

Efnahagsreikningur

	Reikningur 31.12.2009	Reikningur 31.12.2008
Eignir		
Fastafjármunir		
Áhættufjármunir	0	0
	0	0
Fastafjármunir samtals	0	0
Veltufjármunir		
Vörubirgðir	0	0
	19.513	0
Skammtímalán	0	0
Skammtímakröfur aðrar	12.480.980	13.328.955
Handbært fé	16.344.630	14.419.729
Veltufjármunir samtals	28.845.123	27.748.684
Eignir samtals	28.845.123	27.748.684
Skuldir og eigið fé		
Eigið fé / Höfuðstóll		
Staða í ársbyrjun	25.223.950	39.069.840
Breyting v/lokafjálaga	0	0
Tekjujöfnuður ársins	1.601.265	-13.845.890
Höfuðstóll í árslok	26.825.215	25.223.950
Annað eigið fé		
Bundið eigið fé	0	0
Framlag til eignamyndunar	1.882.814	1.882.814
Annað eigið fé samtals	1.882.814	1.882.814
Eigið fé í árslok	28.708.029	27.106.764
Langtímaskuldir		
Tekin löng lán	0	0
Langtímaskuldir samtals	0	0
Skammtímaskuldir		
Yfirdráttur á bankareikningum	0	0
Skuld við ríkissjóð	0	477.593
Skammtímalántökur	0	0
Aðrar skammtímaskuldir	137.094	164.327
Skammtímaskuldir samtals	137.094	641.920
Skuldir samtals	137.094	641.920
Skuldir og eigið fé samtals	28.845.123	27.748.684

Sjóðstreymi

	Reikningur 2009	Reikningur 2008
Tekjuafgangur/-hali	1.601.265	-13.845.890
Breyting rekstrartekna, eigna og skulda		
Breyting skammtímakrafna og birgða	847.975	2.031.339
Breyting skammtímaskulda	-27.233	-979.789
Handbært fé frá rekstri	2.422.007	-12.794.340
Fjárfestingahreyfingar		
Veitt lán	0	0
Afborganir veittra lána	0	0
Endurmat veittra lána	0	0
Breyting á áhættufjármunum	0	0
Fjárfestingahreyfingar samtals	0	0
Fjármögnunarhreyfingar		
Framlag ríkissjóðs	-135.200.000	-155.800.000
Tekjur innheimtar af ríkissjóði	0	0
Greitt úr ríkissjóði	134.702.894	165.351.369
Tekin lán	0	0
Afborganir tekinna lána	0	0
Endurmat tekinna lána	0	0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	-497.106	9.551.369
Breyting á handbæru fé	1.924.901	-3.242.971
Handbært fé í ársbyrjun	14.419.729	17.662.700
Handbært fé, hreyfingar	1.924.901	-3.242.971
Handbært fé í árslok	16.344.630	14.419.729



Skógarlaup ræst á Skógardaginn 20. júní 2009, mynd Esther Ösp Gunnarsdóttir

Yfirlit framkvæmda

Jörð	Annað	Birki	Elri	Fura	Greni	Lerki	Víðir
Arnheiðarstaðir							
Arnhólsstaðir				240	280		
Áreyjar						960	
Ás		2.200	6.640	5.781	14.160	10.720	
Ásgeirsstaðir	2.256	3.200		4.020	4.800	4.400	
Birnufell		1.128			18.000		
Bláeyri (Hlíðargarður)	5.610	65.165	6.120	40	28.880	34.420	7.856
Borg							
Bragðavellir I		3.240	2.400		320	160	
Brekka							
Brekkuþing	177	359	160	240	528	335	
Brekkugerði							
Brekkugerðishús	700				33.576		
Brekkusel	1.050	2.592			60.864	55.425	
Dagverðargerði	2.064	7.424		2.680	11.760		
Droplaugarstaðir	192				832	3.960	
Eyjar	295	120	120				1.128
Eyjófsstaðir			840			2.480	
Fagrihvammur							
Fell	700	672	1.200	1.280	2.000		
Flaga	360	1.176	280		560		
Flúðir						800	
Fremri Nýpur						2.000	
Gilsárteigur I							
Glúmsstaðir I					640	680	
Grund							
Hagi		4.020				1.675	
Hallfreðarsstaðir I							
Hamragerði				134		80	
Helluland					4.400	10.586	
Hlíðarendi I		1.824		240	3.200		
Hnitbjörg		15.840		4.800		2.480	6.720
Hof							
Hóll						2.080	
Holt							
Hreimsstaðir	980	5.264	320	520	4.000	3.000	
Hrólfstaðir	2.384	960	1.200		18.456	10.836	
Hræreklækur					1.000	1.005	
Hvannabrekka							
Kleppjárnsstaðir							
Kross			2.480	2.400	1.160		
Langhús		1.680			5.920	11.520	
Lindarhóll							
Litla-Steinsvað 2	384	768		3.480	15.584	19.261	
Meðalnes II	240		1.600	2.520	6.120	29.130	
Melar							
Miðhús							
Miðhúsasel				536	4.800	21.440	
Mýnes II				1.520			

Ösp	Samtals	Ábarnar plöntur	Lengd nýrra skjólbelta	Skjólbelta-plöntur	Ný- girðin-gar	Herfing ha	Plæing ha	Kjarrsögun ha.	Grisjun m3 af bolviði
	520								
	960								
5.592	45.093	45.093				10			
3.600	22.276	22.276				11			
	19.128	19.128				7			
4.300	152.391	101.574		6.200					
						3			
102	6.222	6.222							
480	480								
270	2.069					1			
						4			
4.776	39.052	40.720				9			
1.076	121.007	109.494				26			
	23.928	23.928							
120	5.104	5.104							
300	1.963			1.963					
	3.320	3.320							
	5.852	5.852				3			
	2.376		1.980	1.928		2			
	800								
	2.000	2.000							
	1.320	1.320							
		18.600							
	5.695				43 ha				
					0,8 km				
105	319					2			
	14.986	14.986							
	5.264	5.264							
	29.840	23.120	1.588	6.720					
								1,1	11
	2.080	2.080							
								0,6	3
	14.084	14.084							
1.624	35.460	29.904				11			
	2.005				2,2 km	10			
					0,7 km				
	6.040	6.040							
	19.120	35.120							
						1,7 km	5		
	39.477	30.024				11			
3.600	43.210	39.190				23			
	26.776	26.776							
	1.520	1.520							

Yfirlit framkvæmda - framhald

Jörð	Annað	Birki	Elri	Fura	Greni	Lerki	Víðir
Mælivellir	24			107	160		
Njarðvík					1.680	560	
Ormarsstaðir II							
Óseyri	6.999	36.229	3.400	19.899	12.080		1.416
Rauðholt	24			960			
Sauðhagi II	1.128		400	33.918	29.920	76.682	432
Selland					1.440	2.640	
Setberg	840	1.320		400	17.872	39.336	
Skálanes		22.579					
Skáli	835	1.472		1.005	3.488		
Skeggjastaðir II							
Skorrastaður I				670	1.120		
Skorrastaður II							
Skógargerði							
Skriða	1.319	4.680	1.120	1.160	9.184	6.483	
Sleðbrjótur I							
Snjóholt					3.840		
Staffell	96						
Stangarás	48			271	320		
Starmýri II							
Stóra-Sandfell I	1.271	1.608			15.584		
Strandhöfn	238	1.560		720	1.360	2.480	
Strönd							
Sturluflöt	568		1.200	1.680	13.400	15.360	
Stöð	760	7.413	280		1.120		960
Sórlastaðir	107	13.674	3.400	19.568	18.848		
Teigarhorn	1.617	23.112	10.560	2.120	5.760	4.480	
Urriðavatn							
Útstekkur I	240	2.760	800	2.140			
Vað	240						120
Vállanes							
Valþjófsstaður I	240	504			144	80	480
Valþjófsstaður II	175		120	401	120		
Víðastaðir	965	10.160	1.640	2.640	17.480	1.600	
Víðilækur	70			3.723	1.320	5.812	
Víðivallagerði							
Víðivellir-ytri II				280	1.080	160	
Vífilsstaðir		384				4.690	144
Vík	3.672	9.552			19.000		384
Ytri-Nýpur		320		881	2.800	575	
Piljuvellir	490	2.080	4.840	640	960	7.040	
Þorbrandsstaðir		2.000		1.000	3.192	6.432	
Þorgerðarstaðir							
Þrándarstaðir							
Samtals	39.358	259.039	51.120	124.614	425.112	403.843	19.640

Ösp	Samtals	Ábornar plöntur	Lengd nýrra skjólbelta	Skjólbelta-plöntur	Ný- girðin-gar	Herfing ha	Plæing ha	Kjarrsögun ha.	Grisjun m3 af bolviði
	291	291							
	2.240	2.240							
1.622	81.645	81.765		5.183		13			
	984	984							
1.300	143.780	137.172				34			
	4.080	4.080							
	59.768	59.768				5	5		
	22.579								
500	7.300	7.300			16 ha				
								6,9	11
300	2.090								
960	24.906	21.559							
	3.840								
	96	96							
336	975								
	18.463	18.463							
960	7.318	7.318							
	32.208	29.040							
385	10.918	3.537		2.097					
11.760	67.357	129.557							
384	48.033	62.681				2			
240	6.180	11.140							
	360								
210	1.658	192		1.466					
	816								
13.472	47.957	47.957				11			
	10.925	15.090				1			
	1.520	1.520							
	5.218								
8.000	40.608	88.562							
240	4.816	4.816				2			
400	16.450	16.450							
	12.624	12.624				6			
67.014	1.389.740	1.396.941	3.568	25.557	10	209	5	9	25

Helstu stærðir

Ár	Fjárlög	Fjárlög uppreiknuð með vísitölu neysluverðs*	Fjöldi samningsbundinna jarða	Stærð samningssvæðis (ha)	Fjöldi kortlagðra jarða	Kortlagning (ha)	Girðingar (km)	Jarðvinnsla (ha)	Slóðagerð (m)
1990	25,000,000 kr.	60.086.145 kr.				800	5		
1991	35,710,000 kr.	79.971.291 kr.	20	2.500		2.200	21	159	
1992	51,500,000 kr.	107.629.213 kr.	41	3.939		1.900	17	76	
1993	51,500,000 kr.	105.071.298 kr.	51	5.133		1.500	40	79	10.000
1994	53,100,000 kr.	105.008.151 kr.	54	5.325		500	25	83	1.450
1995	53,000,000 kr.	103.105.171 kr.	64	7.500		1.700	19	128	1.700
1996	54,300,000 kr.	103.943.053 kr.	77	8.800		1.500	29	110	0
1997	54,900,000 kr.	103.029.821 kr.	81	9.600		700	31	161	850
1998	59,900,000 kr.	109.948.026 kr.	81	9.600		200	10	100	0
1999	67,200,000 kr.	121.745.455 kr.	95	10.705		580	6	90	0
2000	77,900,000 kr.	133.406.240 kr.	102	11.713		0	3	94	3.500
2001	91,200,000 kr.	150.858.498 kr.	112	12.346	8	980	50	228	10.501
2002	100,600,000 kr.	152.058.149 kr.	121	13.360	3	1.036	8	225	8.800
2003	112,200,000 kr.	167.176.502 kr.	128	13.880	7	957	36	272	12.050
2004	128,400,000 kr.	186.824.511 kr.	132	14.031	2	93	14	156	3.276
2005	141,400,000 kr.	197.912.709 kr.	137	14.513	0	0	17	163	12.500
2006	149,300,000 kr.	200.182.779 kr.	140	15.027	14	1.072	10	323	9.200
2007	151,200,000 kr.	189.665.643 kr.	148	16.169	5	411	14	226	11.250
2008	156,025,000 kr.	185.041.339 kr.	151	16.495	15	910	18	295	*
2009	135,200,000 kr.	135.200.000 kr.	153	16.761	2	242	10	214	*
Samt.	1,749,535,000 kr.	2.697.863.995 kr.	153	16.761	56	17.281	383	3.182	85.077

Gróðursettar plöntur, fjöldi	Gróðursetning í ha á ári (3600 pl/ha)	Áburðargjöf (tonnum)	Binding koltvísyrings (tonnum)	Ársverk
175.000	49		340	13
945.000	262		2.174	17
1.392.000	386		4.876	24
1.392.000	386		7.577	23
1.190.000	330		9.887	23
1.357.000	376		12.521	23
1.309.000	363		15.062	23
1.325.000	367		17.633	23
1.006.000	279	6	19.586	24
1.032.077	286	8	21.589	26
1.150.248	319	8	23.822	29
1.189.360	335	13	26.166	32
1.450.881	410	17	29.035	33
1.082.324	309	20	31.198	36
1.160.295	332	18	33.520	40
1.048.380	307	18	35.668	43
1.408.830	410	21	38.540	43
1.478.211	493	42	41.989	42
1.480.927	411	26	44.869	40
1.389.740	386	18	47.571	29
23.962.273	6.796	215	463.622	585

Starfsfólk - 2009

Starfsmaður	Starfsheiti	Starfshlutfall
Benjamín Örn Davíðsson	Verkefnisstjóri	100%
Freyja Gunnarsdóttir	Skrifstofustjóri	80%
Hlynur Gauti Sigurðsson	Verkefnisstjóri	100%
Ólöf I. Sigurbjartsdóttir	Framkvæmdastjóri	100%
Sherry Curl	Skógræktarráðunautur	50%
Sigbjörn Sævarsson	Landnýtingarráðunautur	40%



Hvanneyrarnemendur í heimsókn 2. júlí 2009 í Brekkugerði

Allar myndir eru teknar af starfsmönnum HASK nema annað sé tekið fram. Myndirnar eru úr starfi HASK á árinu 2009.



HÉRAÐS- OG AUSTURLANDSSKÓGAR

ÁRSSKÝRSLA 2009